

Mánudaginn 4. nóvember 1996.

Nr. 396/1996.

Búnaðarbanki Íslands

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Siglufjarðarkaupstað

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 30. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 10. október 1996, þar sem sóknaraðila er gert að greiða varnaraðila málskostnað í máli hans á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í g-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að málskostnaður verði látinn niður falla, en til vara, að hann verði lækkaður. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili kærði einnig úrskurð héraðsdóms fyrir sitt leyti 24. október 1996. Krefst hann þess, að sóknaraðila verði gert að greiða 1.836.898 krónur í málskostnað, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá gerir varnaraðili kröfu um kærumálskostnað.

Í hinum kærða úrskurði er gerð grein fyrir rekstri málsins í héraði. Hæfilegt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila 400.000 krónur í málskostnað í héraði. Kærumálskostnaður verður hins vegar ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Sóknaraðili, Búnaðarbanki Íslands, greiði varnaraðila, Siglufjarðarkaupstað, 400.000 krónur í málskostnað í héraði.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 10. október 1996.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um málskostnaðarkröfu stefnda, er höfðað af Búnaðarbanka Íslands, kt. 490169-1269, Faxatorgi, Sauðárkróki, á

hendur Siglufjarðarkaupstað, kt. 560269-1969, Gránugötu 24, Siglufirði, vegna Rafveitu Siglufjarðar, kt. 410272-2619, Gránugötu 24, Siglufirði, með stefnu, þingfestri 27. febrúar sl.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krafðist þess, að stefnda yrði gert að greiða sér 20.352.000 krónur (USD 318.000 á genginu 64,00 kr. 1. jan. 1993) auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1993 til greiðsludags.

Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krafðist aðallega sýknu af kröfum stefnanda, til vara, að sér yrði einungis gert að greiða 318.000 krónur, og til þrautavara, að sér yrði gert að greiða USD 318.000 (sic). Vegna aðal- og varakröfu krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu eða samkvæmt málskostnaðarreikningi. Vegna þrautavarakröfu krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Hinn 12. september sl. var fyrirhuguð aðalmeðferð málsins. Í því þinghaldi lýsti stefnandi yfir, að hann félli frá öllum kröfum á hendur stefnda. Af hálfu stefnda var þá gerð krafa um greiðslu málskostnaðar. Af hálfu stefnanda var málskostnaðarkröfunni mótmælt.

Með vísan til c-liðar 105. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 verður málið því fellt niður, en krafa stefnda um málskostnað tekin til úrskurðar.

Af hálfu stefnda er krafa um málskostnað studd því, að stefnandi hafi fellt málið niður, án þess að stefndi hafi orðið við stefnukröfum stefnanda. Af þessum sökum, með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála, beri stefnanda að greiða stefnda málskostnað.

Á þessi rök stefnda ber að fallast, og verður stefnanda því gert að greiða stefnda málskostnað vegna máls þessa.

Stefndi hefur lagt fram málskostnaðarreikning, að fjárhæð 2.279.560 krónur, þar með talinn virðisaukaskattur, og er hann miðaður við hagsmuni þá, er í húfi voru samkvæmt stefnukröfum stefnanda. Þar sem málið er fellt niður, án þess að efnisdómur gangi í því, þykir ekki rétt að leggja hann til grundvallar. Þá hefur stefndi einnig lagt fram málskostnaðarreikning, að fjárhæð 889.288 krónur, þar með talinn virðisaukaskattur, sem miðast við þann tímafjölda, er fór í málið af hans hálfu. Þegar horft er til þeirra hags-

muna, sem í húfi voru, og umfangs málsins, þykir tímaskýrslan ekki óeðli-
leg, og tímagjald, sem miðað er við gjaldskrá Lögmannna Skólavörðustíg 12,
er svipað og hjá sambærilegum lögmannsstofum. Af þessum sökum þykir
rétt til að tryggja, að stefndi komist skaðlaus frá málinu, að taka þann
reikning til greina og leggja hann til grundvallar við ákvörðun málskostna-
ðar.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, skal stefnandi greiða stefnda
720.231 krónu í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðis-
aukaskatts.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Mál þetta er fellt niður.

Stefnandi, Búnaðarbanki Íslands, greiði stefnda, Siglufjarðarkaup-
stað, 720.231 krónu í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit
til virðisaukaskatts.
